

Stjórnarfundur í síma 4.apríl 2020.

Mætt voru: Sveinn Steinarsson, Jón Bjarni Þorvarðarson, Eysteinn Leifsson, Vignir Sigurðsson og Heiðrún Ósk Eymundsdóttir.

Dagskrá :

1. Fundarferð.
2. Exem verkefnið.
3. Landsmótið
4. Önnur mál.

Formaður greindi frá því helsta varðandi fundarferðir vetrarins. Áætlaður fjöldi þeirra sem mættu til fundanna og á kynningarfund sem haldinn var á suðurlandi talin vera 250 – 300 manns. Það sem helst var til umræðu á fundunum var sú breyting sem búið er að innleiða varðandi kynbótadómama og ræktunarmarkmiðið. Einnig var farið yfir helstu verkefni FHB og sérstaklega stöðu mála varðandi Horses of Iceland og Exemverkefnið. Á fundunum var ágæt umræða og ánægjulegt að sjá hvað þeir voru í raun vel sóttir.

Formaður greindi frá að búið sé að undirrita samning (framlengingu) við ríkið vegna HOI en gildistími samningsins er 18. mánuðir. Formið er með sama hætti og áður, en félagið hefur skuldbundið sig til að greiða framlag uppá 3.750.000 á þessum tíma.

Þá er einnig búið að undirrita samning við ríkið, ásamt Keldum, um fjármögnun á lokaáfangi í þróun forvarnarbóluefnis gegn sumarexemi. Góð umræða var á fundunum um aðkomu félagsins og hversu vel aðkoma okkar gekk. Ákveðið að senda sérstakar þakkir til þeirra sem lögðu verkefninu til vinnu eða seldu því hross.

Óvissa vegna komandi Landsmóts. Formaður greindi fundarmönnum frá samtölum og fundum vegna m.a. áhrifa af COVID 19 á Landsmót sumarsins. Öllum ljóst að óvissa er uppi um hvort af Landsmóti geti orðið en næstu dagar og vikur munu skera úr um það. Allir sammála því að ef til frestunar kemur þarf að vanda hvert skref og vinna í góðri samstöðu allra hlutaðeigandi.

Ágæt umræða um kynnta hækkun á sýningargjöldum og hvernig sé hægt að bregðast við hækkunum í framtíðinni. Stjórnarmenn sammála um að leita þarf allra leiða til að stemma stigu við hækkunum á sýningargjöldum.

Fleira ekki gert.

